



Umhverfis- og skipulagsráð óskaði eftir umsögn velferðarráðs varðandi niðurstöður grenndarkynningar vegna fyrirhugaðra smáhúsa að Njarðvíkurbraut 55.

Á fundi velferðarráðs Reykjaneshæjar þann 15. ágúst sl. var eftirfarandi fært til bókar:

1. Málefni heimilislausra - smáhús (2023070008)

Ásdís Rán Kristjánsdóttir, verkefnastjóri í velferðarþjónustu, Gunnar Kristinn Ottósson skipulagsfulltrúi og Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu mættu á fundinn.

Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs kynnti niðurstöður grenndarkynningar vegna staðsetningar smáhúsa á Hákotstanga.

Eitt af fjölmörgum hlutverkum sveitarfélagsins er að leysa úr brýnum húsnæðisvanda fyrir okkar íbúa sem eru ekki fær um það sjálf. Til að greina þörfina sem er til staðar hefur starfsfólk velferðarsviðs unnið þarfagreiningu á stöðu heimilislausra í Reykjaneshæ. Sú vinna hefur verið til fyrirmyndar og er niðurstaðan sú að byggja þarf fleiri smáhús í sveitarfélaginu. Auk þess þarf að fara markvisst af stað með nýja þjónustu fyrir einstaklinga með miklar þjónustubarfir. Ætlað er að slík þjónusta sinni helstu málefnum þessa viðkvæma hóps.

Varðandi staðsetningar smáhúsanna var farið af stað með að finna staðsetningu fyrir húsin og hanna smáhúsin með þarfir skjólstaðinga velferðarsviðs sem glíma við fjölþættan vanda í huga. Lagðar voru til nokkrar staðsetningar víðsvegar um sveitarfélagið og urðu Hákotstangar og Grófin fyrir valinu. Ákveðið var að byrja á Hákotstöngum.

Horft er til bresku hugmyndafræðinnar „Housing First“ sem er aðferð til að hjálpa skjólstaðingum velferðarsviðs sem glíma við heimilisleysi með húsnæði og stuðningsþjónustu. Þar er aðgengi að varanlegu húsnæði í forgangi með sérsníðnum opnum stuðningi við íbúa þar sem áherslan er á að efla þau til virkni í samfélaginu.

Úrræði smáhúsa sem slík eru ekki ný úrræði. Þau hafa verið til staðar í Reykjaneshæ í nokkur ár og gefist nokkuð vel. Reykjavíkurborg hefur verið að fjölga slíkum úrræðum í borginni og hefur reynst vel að mestu leyti. Aðalatriðið er að íbúar okkar sem eiga við fjölþættan vanda að stríða fái öruggt skjól og samastað. Engin dæmi eru um að slík úrræði lækki fasteignaverð í viðkomandi hverfi. Hér erum við að slá verndarhendi yfir okkar viðkvæmasta hóp og vonumst til að þessi hópur upplifi í kjölfarið öryggi og skjól í sinni tilveru.

Þau sjónarmið sem fram koma í niðurstöðum grenndarkynningar eru vel skiljanleg og eðlileg í ljósi þess að hér er verið að byggja upp þjónustu við stækkandi hóp íbúa í sveitarfélaginu, þjónustu sem hefur verið lítið sýnileg og er mikilvægt að byggja upp af kostgæfni. Hægt er að taka undir þær ábendingar sem fram koma um að vegalengd í nærþjónustu og almenningsamgöngur er lengri en best væri á kosið en önnur atriði þóttu vega þarna upp á móti við val á staðsetningu, m.a. að góð gönguleið er að almenningsamgöngum og heilsugæsla fyrirhuguð á svæðinu. Áhersla er lögð á að það húsnæði sem er í byggingu fyrir þetta verkefni sé vistlegt og falli vel að umhverfinu. Varðandi þjónustu við þennan notendahóp er í undirbúningi að koma á nærþjónustu og ráðgjöf við íbúa smáhúsanna með áherslu á batahugmyndafræði og skaðaminnkandi nálgun.

Velferðarráð bendir íbúum á að hafa samband við starfsfólk velferðarsviðs ef spurningar vakna.